

Samfélagsstefna og siðareglur

Orkan er fjölorkufélag sem mætir orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman hátt í sátt við umhverfið. Með stefnu um samfélagsábyrgð og siðareglur leitast Orkan við að flétta félagslegum-, umhverfis- og stjórnaðráttum við almenna starfshætti félagsins og siðferðileg viðmið. Orkan vill með þeim hætti tryggja ávinning af sínum rekstri fyrir haghafa.

Orkan stefnir að því að vera góður granni og taka virkan þátt í samfélaginu, t.a.m með því að styðja við málefni og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif. Vera jákvætt afl í samfélaginu, taka þátt í orkutengdri nýsköpun og skapa ný og spennandi tækifæri í heimabyggð. Orkan leggur áherslu á bestu þjónustuupplifun á sjálfsafgreiðslustöðvum. Ánægðir starfsmenn er forsenda ánægðra viðskiptavina.

Mannauður

Markmið Orkunnar er að mannauður félagsins sé skipaður ánægðu og hæfu starfsfólki sem býr yfir færni og þekkingu til að takast á við störf sín með skýrum ferlum og öguðum vinnubrögðum. Starfsfólk Orkunnar tekur þátt í að móta og bæta starfsemina og starfar í anda jafnræðis og jafnréttis. Með sterkri umgjörð um starfsaðstæður verður vinnustaðurinn meira eftirsóttur sem laðar að sér hæft og gott starfsfólk. Orkan hefur sett sér mannauðs- og jafnréttisstefnu.

Stefna gegn spillingar- og mútumálum

Orkan stundar viðskipti af heiðarleika og einsetur sér að fara að lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgja þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma.

Orkan hvorki tekur við né greiðir neitt það sem flokkast getur sem mútur. Ef vafi er um heimildir okkar til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna leitum við ávallt álits næsta yfirmanns okkar. Orkan á ekki viðskipti við aðila sem grunur leikur á að stundi peningabætti. Öll viðskipti Orkunnar skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og skulu háð endurskoðun. Orkan forðast árekstra á milli hagsmuna starfsmanna og félagsins.

Viðskiptavinurinn

Með skilvirkni, áreiðanleika og staðfestu að leiðarljósi hefur Orkan byggt upp sterka innviði og trausta liðsheild þar sem þjónusta við viðskiptavinum er í fyrirrúmi. Orkan leggur áherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum upp á skýra valkosti og góða þjónustu. Orkan sýnir viðskiptavinum sínum virðingu og traust. Hjá Orkunni hlustum við á viðskiptavininn og viljum af honum læra. Okkar einkunnarorð eru að það á að vera einfalt, snjallt og næs að eiga viðskipti við Orkuna.

Samstarfsaðilar og birgjar

Orkan hefur sanngirni að leiðarljósi í samskiptum við samstarfsaðila og birgja fyrirtækisins og leggjum við áherslu á að báðir aðilar njóti góðs af samstarfinu. Orkan gerir ráð fyrir að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallarsjónarmiðum og hefur það áhrif á val félagsins á samstarfsaðilum.

Til nánari útfærslu hefur Orkan sett sér viðskipta- og siðareglur þar sem meðal annars er komið nánar inn á heiðarleika í viðskiptum, samskipti við viðskiptavini, samkeppni og hagsmunaárekstra. Einnig hefur Orkan, í samræmi við samfélagslega ábyrgð, sett sér stefnu gegn spillingar- og mútumálum.

Siðareglur

Það er á ábyrgð stjórnar og forstjóra Orkunnar að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum. Allir starfsmenn Orkunnar falla undir siðareglurnar og ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum.

Markmið siðareglna þessara er að vera öðrum köflum stefnu þessarar til fyllingar og tryggja að starfsemi félagsins sé stunduð af heilindum og að orðspor félagsins og hagaðila þess sé í heiðri haft.

Við einsetjum okkur að þekkja, skilja og fara eftir hvers konar lögum, reglum, stefnum, starfsreglum og siðareglum sem gilda við störf okkar og við leitum okkur aðstoðar ef við teljum að okkur skorti nauðsynlegan skilning eða ef við teljum að lög eða siðareglur hafi verið brotin.

Siðareglum þessum skal fylgt eftir og þær túlkaðar í samræmi við framangreind markmið félagsins og hagsmuni hagaðila þess eins og við á hverju sinni.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra yfirmanna að hafa eftirlit með og bregðast við hvers konar ábendingum um atriði sem varða brot á lögum eða siðareglum þessum og koma slíkum málum í viðeigandi farveg.

Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi, umhverfismál og sjálfbærni eru lykilatriði í stefnu Orkunnar og við gerum ríkar kröfur til okkar sjálfra og samstarfsaðila okkar þegar kemur að þeim málaflokkum svo sem rakið er í fyrri köflum stefnu þessarar.

Við leggjum áherslu á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og förum að þeim lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerum kröfu um það sama af þeim sem Orkan skiptir við.

Öll viðskipti Orkunnar eru framkvæmd á armslengdargrunni og við líðum aldrei mútur, spillingu, hagsmunaárekstra, hvort heldur af okkar hálfu eða gagnvart okkur. Þá þiggjum við ekki gjafir sem kunna að draga úr trúverðugleika okkar eða Orkunnar til að vera til þess fallin að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind okkar við vinnslu mála. Ef vafi er um heimildir okkar til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna leitum við ávallt álits næsta yfirmanns okkar.

Um hagsmunaárekstur er að ræða þegar persónulegir hagsmunir eða aðrir hagsmunir sem ekki eru starfstengdir, hafa áhrif eða geta virst hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir okkar. Einkahagsmunir okkar skulu ekki hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir. Við komum ekki að ákvörðunum sem við eða aðilar tengdir okkur kunna að hafa persónulegan hag af, né sinnum öðrum störfum eða stöðum sem skapað geta hagsmunaárekstur við félagið.

Við greiðum ekki fé til stjórnmalaflokka, stjórnmalasamtaka eða fulltrúa þeirra. Við áskiljum okkur hins vegar rétt til að láta í ljósi afstöðu okkar til málefna sem hafa bein áhrif á félagið, starfsmenn þess, viðskiptavinum eða hluthafa.

Við styðjum frjálsa samkeppni og stundum sanngjarna samkeppni í samræmi við gildandi löggjöf. Við komum ekki í veg fyrir að aðrir geti stundað löglega samkeppni heldur virðum samkeppnisreglur. Samningar og aðrar aðgerðir sem draga úr samkeppni verða ekki liðnar.

Hvers konar trúnaðar- og/eða persónuupplýsingar sem eru til eða verða til hjá Orkunni eru meðhöndlaðar af ýrústu varkárni og ávallt í takt við gildandi löggjöf og verklagsreglur hverju sinni. Félagið skal nota upplýsingatækni og boðleiðir á ábyrgan hátt.

Við sýnum hvert öðru virðingu og eigum hreinskilin samskipti við samstarfsfólk og alla hagaðila.

Við erum ávallt staðráðin í að upplýsingagjöf Orkunnar til hagaðila sé á hverjum tíma rétt, gagnorð og nákvæm. Við gætum jafnframt ávallt að heimild okkar til að tjá okkur fyrir hönd Orkunnar.

Við leggjum að öðru leyti ríka áherslu á gegnsæi fyrir hagaðila okkar um stjórnarhætti Orkunnar. Samskipti við hagaðila eru okkur afar dýrmæt og leggjum við áherslu á að hlusta á sjónarmið þeirra og skoðanir á stefnu og starfsemi félagsins.

Við látum óréttmæta viðskiptahætti ekki viðgangast og það er skylda hvers og eins okkar að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á samfélagsstefnu þessari, eða brot á annars konar stefnum, reglum eða gildandi starfsháttum innan Orkunnar.

Hafi starfsmenn rökstuddan grun um slík brot, ber þeim að gera viðvart og leita til einhvers af eftirfarandi aðilum:

1. Yfirmanns
2. Forstjóra Orkunnar
3. Formanns stjórnar ef um forstjóra er að ræða
4. Varaformann stjórnar ef um formann stjórnar er að ræða

Starfsmönnum verður aldrei refsað, hvorki með beinum né óbeinum hætti, ef þeir í góðri trú koma á framfæri ábendingu um rökstuddan grun um brot samkvæmt þessari grein og verður nafnleynd viðkomandi tryggð við meðhöndlun slíkra mála.

Brot gegn siðareglum þessum geta varðað áminningu og jafnvel brottrekstur, í samræmi við viðeigandi vinnulöggjöf hverju sinni.

Umhverfismál

Orkan vinnur á kerfisbundinn hátt að málum sem snerta hollustuhætti, öryggi og umhverfisvernd. Orkan og starfsfólk Orkunnar stefnir að stöðugt bættum árangri á þessu sviði. Félagið leggur ríka áherslu á að allar lagalegar skyldur hvað þessi mál varðar séu uppfylltar. Orkan býður viðskiptavinum upp á umhverfissvæna valkosti og takmarkar eins og hægt er áhrif starfseminnar á umhverfið. Orkan hefur sett sér stefnur um umhverfismál, öryggis og gæðamál sem taka meðal annars á umhverfismálum vegna rekstrar og starfsemi.

Orkan lítur á það sem skyldu sína gagnvart samfélaginu að takmarka eins og mögulegt er neikvætt fótspor félagsins. Á sama tíma leitast félagið við að hámarka jákvæð áhrif sín á samfélagið og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið sjálft, samfélagið og umhverfið. Eitt brýnasta samfélagsverkefni þessarar kynslóðar er loftslagsvandinn. Orkan hefur ákveðið að nýta krafta sína til að styðja við málefni er snúa beint að loftlagsmálum ásamt verkefnum sem stuðla að bættara samfélagi.

Skattamál

Stefna Orkunnar í skattamálum lýtur að verklagi félagsins vegna eftirlits og framkvæmd skattamála félagsins. Markmið með skattastefnu félagsins er að formfesta vinnulag til greiningar, mats og stýringar og þar með að takmarka skattaáhættu eins og kostur er.

Í starfsemi Orkunnar er farið eftir þeim lögum, reglum og alþjóðlegum leiðbeiningum sem gilda um skattamál félagsins hverju sinni. Orkan tekur ekki þátt í starfsemi þar sem grundvallarviðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru virt að vettugi.

Orkan leggur áherslu á opin samskipti við skattayfirvöld og kappkostar að svara öllum fyrirspurnum skattayfirvalda innan tilsettra tímamarka með skýrum og greinargóðum hætti.

Orkan birtir ársreikning félagsins með viðeigandi upplýsingum um skattamál og skattagreiðslur.

Hlutverkum félagsins er að skila eigendum sínum ávöxtun á fjárfestingu sína í samræmi við ákvarðanir hluthafafunda og stjórnar hverju sinni.

Samþykkt af stjórn Orkunnar IS ehf.
31. janúar 2024